

ÍRB fundur 9. ágúst 2011.

Mættir: Guðmundur, Freydís, Helga, Júlíus, Elsie, Elín, Lúðvík, Friðrik, Herdís, Harpa, Guðný, Falur, Sigurpór, Hjördís, Sigurbjörg og Anthony. Anna tilkynnti forföll.

1.Farið yfir síðustu fundargerð

Farið yfir og hún samþykkt án athugasemda.

2.Farið yfir stöðu í hópum, með áherslu á hvenær hópar byrjar

Afrekshópar byrjuðu 8. ágúst. Aðrir hópar byrja 22. ágúst.

3.Samningar við þjálfara og æfingatöflur

Búið að skrifa undir samninga við flesta þjálfara. Verið að vinna í síðustu samningunum.

Gengið verður frá síðasta samningi fyrir lok vikunnar eða auglýst eftir nýjum þjálfara ef ekki gengur að semja.

Æfingartöflur næstum tilbúnar. Verið að bíða eftir staðfestingu frá Ragnari og Hafsteini.

4.Skráningar fyrir nýtt tímabil, systkinaafsláttur og auglýsingar

Skráningar hafa farið vel af stað og nýja kerfið virkar vel.

Auglýsing fer í loftið 11. ágúst.

Nú er 15% systkinaafsláttur af öllum systkinum sem skrá sig í sund.

Ákveðið að skoða þær fjölskyldur sem eiga 4 börn í sundi og þeirra æfingargjöld.

Falur og Friðrik Hrannar fóru af fundi á meðan þessi liður var ræddur.

5. Uppgjör eftir Landsbankamót, styrkir frá Landsbanka og ógreiddir reikningar

Landsbankinn hefur ekki greitt reikninga vegna Landsbankamótsins og verið er að bíða eftir að þeir gangi í að leysa málið. Falur og Helga eru enn að vinna í málinu.

6. Æfingarferð 2012

Hugmynd um að því að breyta ferðinni í að vera í lok tímabils en ekki í upphafi tímabils og fara á mót samhliða.

Ant setur upp lista yfir mót sem hægt er að fara á og fá svo hugmyndir frá Sigga Úrval Útsýn með hótél og æfingarlaug. Skoðum þennan möguleika.

7. AMÍ 2012 og Landsbankamót 2012

Allt í vinnslu. Freydís ræðir við Hörð hvort Landsbankamót verði lágmarkamót fyrir Ólympíuleikana.

8. Styrkir til sundmanna sem fara til Nýja Sjálands

Foreldrar Kristófer, Erlu og Jóns mættu á fundinn undir þessum lið.

Kristófer, Erla, Jón Ágúst stefna á að fara til Nýja Sjálands í "sundmannaskipti". Stefnt er á að fara út

12. eða 13. desember og vera fram yfir áramót. Kostnaður við ferðina er mikill og munu

fjölskyldurnar bera sjálfar ábyrgð á að safna styrkjum fyrir ferðina og greiða það sem upp á vantar.

Þrjár fjölskyldur taka á móti þessum sundmönnum og senda síðan sína sundmenn til Íslands síðar til íslenskra fjölskyldna.

9. Ákveða tímasetningu og dagskrá foreldrafunda

Tveir fundir. Einn fyrir Sprettfiska, Flugfiska, Sverðfiska og Háhyrninga annars vegar og Afrekshópa hins vegar.

31. ágúst kl. 19:30 Foreldrafundur með stjórn og foreldrum barna í Afrekshóp, Eldri og Framtíðar.

7. september kl. 19:30 Fundur þjálfara með foreldrum í Afrekshópi og Framtíðarfundi.

14. september 19:30 fundur með foreldrum Háhyrninga og yngri (ekki sundskóla) með þjálfurum og stjórn.

Allir fundirnir verða í Akademíuni. Elsie og Falur setja upp dagskrá og senda á hópinn sem koma með hugmyndir að dagskráliðum.

10. Styrkjamáli

Enn hefur ekki verið skrifað undir við Olís. Gummi í málinu. Velunnarar sundsins kynntir á foreldrafundum og miðar fara heim með sundmönnum eftir foreldrafundina. Skráning er á netinu og þar hefur einn skráð sig.

11. ÍRB þing

Þinginu hefur verið frestað til mánaðarmóta.

12. Önnur mál

a) Rætt um reglur og viðurlög ásamt siðareglum.

Mikilvægt að hafa reglur sem sundmenn skrifa undir áður en farið er í ferðir.

Hjördís, Sigurbjörg og Ant skoða áfram málið.

b) Páskar og ÍM50 renna saman og Ant og Eddi ræða við Ragnar um að fá aðgang að lauginni.

c) Ant hefur verið boðið í samráðsnefnd þjálfara vegna landsliða.

d) Næsti fundur 30. ágúst kl. 19:30.

e) Hjördís kom á framfæri hugmynd að reyna að vera með opnar fjáraflanir sem fer beint í Sundráð og eflir félagsandann.

f) Gumma þökkuð vel unnin störf sem formaður Sundráðs ÍRB en hann lætur af störfum. Fékk ljósker og hann beðinn um að muna eftir okkur öllum þegar hann kveikir á því.

Fundargerð ritaði

Sigurbjörg Róbertsdóttir